

Fundur stjórnar Íslenska Nosework Klúbbsins var haldinn 23.01.23, kl. 21:00.

Haldinn með fjarfundarbúnaði.

Mættir eru Jónína, Elín, Sandra, Arnar, Lára og Harpa.

1. Farið var yfir mál sem hófust í tíð fráfarandi stjórnar og núverandi stjórnarmeðlimum gert grein fyrir þeim og stöðu málanna.
2. Misræmi er á milli þeirra samþykktar sem er í gildi gagnvart fyrirtækjaskrá og þ.a.l. almennings, og þeirri sem stjórn hefur unnið eftir. Misskilningur virðist hafa leitt til þess að nýrri samþykktin hafi ekki verið endanlega samþykkt og hefur hún þ.a.l. ekki gildi. Stjórn ætlar að skoða málið betur og koma málinu í þann farveg.
3. Rætt um að formanni vanti gögn frá fyrri stjórn til að fá yfirsýn yfir þau mál sem klúbburinn hefur tekið fyrir og hverju hann hefur verið að vinna í og hver staða mála eru.
4. Rætt var að þýðing á sænsku reglunum var hafin af tveimur konum úr fyrri stjórn. Talið óþarfi að halda því áfram þar sem nýlega er búið að yfirfara reglurnar svo þær samræmist þeim sænsku.
5. Tölvupóstsamskipti rædd og talið ábótavant í svörun. Hugmynd sett fram að deila því á fleiri meðlimi stjórnar að fara yfir tölvupóstinn. Elín býður sig fram að sjá um það og er það samþykkt.
6. Heimasíðan rædd og Jónína býður sig fram í að lesa hana yfir og lagfæra smávægileg atriði svo hún sé skilvirkari sem var samþykkt.
7. Samþykkt var að hafa samband við HRFÍ og vinnuhundadeildina og athuga stöðu mála um að fá Nosework samþykkt innan deildarinnar svo hægt sé að sækja um titla í ættbók.
8. Rætt og samþykkt að fara yfir og setja inn á heimasíðuna fyrri fundargerðir svo þær séu opinberar.
9. Hugmynd sett fram að setja inn dagatal á heimasíðuna þar sem atburðir klúbbsins væru settir inn. Það væri þá búið að skipuleggja keppnir, lyktarpróf, æfingakeppnir o.fl fram í tímann sem almenningur hefði aðgang að og haft betri yfirsýn á atburði klúbbsins.
10. Rætt var um að færa lögheimili klúbbsins en það er skráð á Skemmuveg í Kópavogi.

11. Hugmyndir settar fram um að auka sýnileika klúbbsins. Ákveðið að hafa samband við HRFÍ um að klúbburinn væri með úthlutað svæði á útisýningum þeirra í sumar þar sem æfingakeppni væri sett upp. Dagsetningarnar sem um ræðir eru: 10.-11. júní 2023 og 12.-13. Ágúst.
12. Hugmyndir að breytingu á verðlaunum á keppnum rædd.
13. Gjaldskrá klúbbsins rædd með tillögu að hækkun skráningagjöldum á keppnir og í lyktarpróf sem haldin eru á vegum klúbbsins.

Fundi var slitið kl. 22:40.

Fyrir hönd stjórnar,  
Harpa Valdís Þorkelsdóttir, ritari.